

Þarf ég lyfjaskírteini?

Þann annan desember síðast liðinn gerði heilbrigðisráðherra breytingar á reglugerð nr. 236/2009 um greiðsluþátttöku sjúkratrygginga við kaup á astmalyfjum. Megin inntak þessara breytinga er að greiðsluþátttaka Sjúkratrygginga Íslands (SÍ) tekur mið af ódýrasta lyfinu í lyfjaflokkunum berkjuvikkandi lyf og önnur lyf til innúðunar gegn teppusjúkdómum. Verð á dagskammti lyfjanna má ekki víkja meira frá verði ódýrasta lyfsins á markaði í þessum lyfjaflokkum en 290% til þess að SÍ niðurgreiði lyfið. Þó geta sjúklingar með astma og langvinna lungnateppu sótt um lyfjaskírteini til SÍ með því að framvísa vottorði frá lækni. Lyfjaskírteinin veita undanþágu frá áðurnefndri reglugerðarbreytingu. Til þess að lyfjaskírteini sé samþykkt þarf vottorð læknisins að uppfylla ákveðin lágmarksskilyrði samkvæmt vinnureglum SÍ.

Eðlilegt er að hver og einn sem notar astmalyf velti fyrir sér þeirri spurningu hvort hann þurfi lyfjaskírteini

Megin inntak reglugerðarbreytingarinnar er að öflugustu lyfin við astma eru nú einungis niðurgreidd gegn framvísun lyfjaskírteinis. Þetta á við um samsettu lyfin Seretide® og Symbicort®, og nokkur fleiri lyf, þar á meðal lyfið Spiriva®, sem gefið er við langvinnri berkjubólgu.

Samkvæmt alþjóðlegum staðli (GINA Guidlines) er astmi flokkaður í 5 stig eftir sjúkdómsþyngdinni, þar sem sjúkdómsþyngdin miðast



við hversu mikillar meðferðar hinn sjúki þarfnast. Er þá markmiðið með meðferðinni að viðkomandi sé full fær til vinnu, náms og þátttöku í daglegu lífi og að hann þurfi ekki að leita á brádamóttöku eða leggjast á spítala. Sjúklingar með astma á vægari stigunum þremur geta fengið fullnægjandi meðferð án þess að fá lyfjaskírteini. Þeir sem hafa astma samkvæmt tveimur efstu stigunum þurfa að öðru jöfnu að verða sér úti um lyfjaskírteini fyrir hluta meðferðarinnar eða borga lyfin að fullu. Með þessum breytingum á greiðsluþátttöku hins opinbera á astmalyfjum og lyfjum við langvinnri lungnateppu eru settar hindranir í veginn fyrir sjúklinga með alvarlegri einkennum, sem ekki eiga hliðstæðu í öðrum

reglugerðarbreytingum til að minnka lyfjakostnað ríkissjóðs.

Á síðustu tveimur áratugum hefur fjöldi þeirra sem hafa astma þrefaldast hér á landi. Þrátt fyrir það hefur þeim stórfækkað sem hafa slæman astma og má þakka það miklu öflugri lyfjum en áður voru til. Það væri hrapallegt ef þessi hindrun í aðgengi öflugustu astmalyfjanna yrði til þess að sjúkdómsbyrði astmasjúklinga ykist á nýjan leik. Til þess ætti þó ekki að koma ef bæði sjúklingar og læknar eru vakandi fyrir versnandi einkennum og hafa í huga, að allir sem þurfa eiga rétt á lyfjaskírteinum.

*Davíð Gíslason
læknir*

